

Ed. 941. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Frá minni hl. félagsmálanefndar (SDK, HS).

1. 1. gr. orðist svo:

Foreldri, sem óskar leyfis frá starfi sínu til þess að annast barn sitt, á rétt á að ganga aftur að sama starfi og sömu kjörum allt að einu ári frá fæðingu barnsins. Sé um fleirbura eða fötluð börn að ræða framlengist þessi réttur um eitt ár til viðbótar.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein og orðist svo:

Foreldri skal hafa starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í 18 mánuði áður en að leyfistökkunni kemur. Foreldri skal tilkynna vinnuveitanda með þriggja mánaða fyrirvara hvort óskað er leyfis frá störfum skv. ákvæðum 1. gr. og þá jafnframt hvenær foreldri hyggist hefja störf að nýju.